



7. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands miðvikudaginn 21. mars 2018 kl. 12:00 haldinn í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Guðmundur Jónsson varaformaður, Helga Jóna Eiríksdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Svanhildur Bogadóttir. Enn fremur sátu fundinn Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður og Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs Þjóðskjalasafns sem ritaði fundargerð. Anna E. Gunnarsdóttir fjármálastjóri Þjóðskjalasafns kom inn á fundinn undir liðum 1–4. Gunnar Gíslason var forfallaður og varamaður hans Ágúst Sigurðsson afboðaði sig.

Dagskrá:

1. Uppgjör ársins 2017, rekstraráætlunar og starfsáætlunar.
2. Rekstraráætlun (ársáætlun) 2018.
3. Framlög til héraðsskjalasafna 2018.
4. Skönnunar- og miðlunarverkefni héraðsskjalasafna 2017.
5. Starfsáætlun 2018.
6. Stefna Þjóðskjalasafns 2018–2020 (áður á dagskrá sem tillögur 25. okt. 17).
7. Minnisblað til mennta- og menningarmálaráðherra.
8. Tvö verkefni: a. Skönnunarverkefnið. b. Frágangur þrotabúa.
9. Norræna ráðstefnan *Nordiske Arkivdage* í Reykjavík 24. og 25. maí 2018.
10. Ársskýrsla 2016.
11. Í kjölfar blaðagreinar.
12. Frágangur fundargerðar.

Anna Agnarsdóttir, formaður, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Uppgjör ársins 2017, rekstraráætlunar og starfsáætlunar.

Þjóðskjalavörður kynnti uppgjör á starfsáætlun og rekstri Þjóðskjalasafns árið 2017. Í máli þjóðskjalavardar kom fram að af 202 aðgerðum ársins 2017 náðist að ljúka að fullu eða mestu 51 verkefni. 37 verkefnum var frestað eða sett í bið vegna mikilla anna. Önnur verkefni voru áfram í í vinnslu og komust mislangt. Þau eru flest áfram á áætlun þessa ár. Taldi þjóðskjalavörður árangur ársins í heild mjög góðan og vísaði til samantektar um helstu verkefni ársins 2017. Þjóðskjalavörður kynnti einnig notkun á vefjum Þjóðskjalasafns á árinu 2017. Rekstur safnsins árið 2017 skilaði kr. 8.620.688 í tekjuafgang miðað við stöðu uppgjors nú. Endanlegur reikningur fyrir árið 2017 liggur ekki fyrir. Af þessum afgangi er ógreiddar kr. 3.500.000 framlag vegna verkefnastyrks til héraðsskjalasafna. Að öðru leyti er meginhluti afgangans kominn til vegna þess að laun eru lægri en áætlað var.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir, Svanhildur Bogadóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Jónsson.

2. Rekstraráætlun (ársáætlun) 2018.

Þjóðskjalavörður kynnti fjárveitingar og rekstraráætlun ársins 2018. Í ár er framlag ríkissjóðs til safnsins kr. 381.300.000. Af því eru kr. 31.400.000 rekstrar- og verkefnastyrkir til héraðsskjalasafna. Áætlaðar sértekjur safnsins árið 2017 eru kr. 58.269.946. Langstærsti útgjaldaliður safnsins er launakostnaður eða um kr. 284.829.206.

Þjóðskjalavörður greindi frá því að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefði samþykkt áætlun safnsins. sbr. fylgiskjal 5.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugasdóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir, Guðmundur Jónsson og Svanhildur Bogadóttir.

3. Framlög til héraðsskjalasafna 2018.

Þjóðskjalavörður greindi frá því að framlög til héraðsskjalasafna úr ríkissjóði væru kr. 31.400.000 sem væru ætlaðir til rekstrarstyrkja og verkefnastyrkja. Þjóðskjalasafni Íslands væri falið að úthluta styrkjunum. Verkefnastyrkur nemur kr. 16.200.000. Rekstrarstyrkur nemur kr. 15.200.000 og er honum úthlutað skv. reglu sem samþykkt var á fundi Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafna fyrir nokkrum árum. Reglan felur í sér að helmingi styrksins er úthlutað jafnt til allra 20 héraðsskjalasafna. Hinum helmingi rekstrarstyrksins er úthlutað til héraðsskjalasafna sem eru með eitt stöðugildi eða fleiri. 16 héraðsskjalasöfn hafa eitt stöðugildi eða fleiri og fá því hvert í rekstrarstyrk kr. 855.000. Fjögur héraðsskjalasöfn hafa minna en eitt stöðugildi og fá hvert kr. 380.000 í rekstrarstyrk.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir og Svanhildur Bogadóttir.

4. Skönnunar- og miðlunarverkefni héraðsskjalasafna.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir stöðu verkefnastyrkja til héraðsskjalasafna árið 2017. Styrkfé til miðlunar og skönnunar á héraðsskjalasöfnum á þessu ári nemur kr. 16.200.000 á árinu (fskj, 6). Auglýst var eftir umsóknum um styrki til verkefna þann 13. febrúar sl. með umsóknarfresti til 15. mars sl. Við úthlutun styrkja í ár njóta forgangs umsóknir um skönnun og miðlun skjala, frá því fyrir 1937. Umsóknir um skönnun og miðlun skjala, sem tvö eða fleiri söfn standa að, koma einnig til álita. Viðkomandi safn eða söfn þurfa að geta lokið yfirstandandi verkefni innan árs frá úthlutun. Styrkur verður ekki greiddur út fyrr en lok fyrra verkefnis eru staðfest. Ef ekki tekst að hefja verkefnið á árinu 2018, fellur styrkurinn niður og verður því fé endurúthlutað næsta ár. Í úthlutunarnefnd fyrir verkefnastyrki héraðsskjalasafna sitja Anna E. Gunnarsdóttir fjármálastjóri á Þjóðskjalasafni, Unnar Ingvarsson sérfræðingur á Þjóðskjalasafni og Magnús Karel Hannesson fyrrum sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Alls bárust 18 umsóknir frá 11 héraðsskjalasöfnum og var óskað eftir styrkjum fyrir samtals kr. 32.185.880. Stefnt er að því að ljúka úthlutun á næstu dögum.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Guðmundur Jónsson, Svanhildur Bogadóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir og Anna Agnarsdóttir.

5. Starfsáætlun 2018.

Þjóðskjalavörður kynnti starfsáætlun ársins 2018. Í ár eru sett fram 40 markmið sem ætlunin er að ná á árinu, þar af eru 19 á upplýsinga- og skjalasviði, 14 á varðveislu- og miðlunarsviði, 3 á skrifstofu rekstrarsviðs og 4 í húsnæðismálum. Alls 192 aðgerðir.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Helga Jóna Eiríksdóttir.

6. Stefna Þjóðskjalasafns 2018–2020 (áður á dagskrá sem tillögur 25. okt. 17).

Þjóðskjalavörður kynnti þriggja ára stefnu Þjóðskjalasafns fyrir tímabilið 2018–2020. Þessi stefna er lögð fram á grundvelli verklags frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem dregin eru fram þrjú meginmálefni, ásamt mælanlegum mælikvörðum og aðgerðum út frá stefnu ráðuneytisins í safnamálum. Þetta er í annað skiptið sem þriggja ára áætlun er lögð fram. Ýmis málefni sem eru í stefnu Þjóðskjalasafns koma því ekki fram í þessari áætlun.

Til máls tók Eiríkur G. Guðmundsson.

7. Minnisblað til mennta- og menningarmálaráðherra.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir minnisblaði dags. 7. mars sl. sem hann sendi mennta- og menningarmálaráðherra um aukin fjárframlög til Þjóðskjalasafns. Í minnisblaðinu eru tillögur í fjórum liðum um aukið fé til safnsins. Í fyrsta lagi vegna húsnæðismála, þ.e. endurbætur á húsi 5, kaup á renniskápum í hús 4 og undirbúning á nýbyggingu að Laugavegi. Í öðru lagi er lagt til að safnið fái aukið fé til að miðla heimildum á stafrænan hátt. Í þriðja lagi er lagt til að safnið fái sem nemur einu stöðugildi sérfræðings til að vinna að brýnum verkefnum á safninu, s.s. við innheimtu rafrænna gagna, afgreiðslu úr safnkostinum, frágangi skjalasafna og við vinnu við forvörsluverkefni. Í fjórða og síðasta lagi er lagt til að rekstrarstyrkur til héraðsskjalasafna verði endurskoðaður.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Jónsson og Svanhildur Bogadóttir.

8. Tvö verkefni: a. Skönnunarverkefnið. b. Frágangur þrotabúa.

Þjóðskjalavörður kynnti tvö verkefni í Þjóðskjalasafni, annars vegar skönnunarverkefni í samstarfi við Family Search og hins vegar frágang og skráningu þrotabúa. Á árinu 2017 voru skannaðar samtals 1.266 bækur (sóknarmanntöl, prestþjónustubækur og manntöl) sem gefa af sér 144.654 myndir. Frá því verkefnið hófst 18. mars árið 2016 og til 31. desember 2017 hafa því verið skannaðar 2.254 bækur sem gáfu af sér 290.707 myndir.

Þrotabúsverkefnið hófst formlega um miðjan júní 2017 og var starfsmaður ráðinn til verkefnisins til eins árs. Nú í lok janúar 2018 er staðan sú að búið er að fara yfir 1.270 hm af skjölum. Það gerir 49% af heildarumfanginu. Af þessum 1.270 hm. er búið að ganga frá til varðveislu 210 hm. sem gerir 16%

varðveislu. Í þessum 1270 hm. voru 850 þrotabú og þar af eru skjöl varðveitt frá um 700 þrotabúum, eða í 82% tilfella.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Helga Jóna Eiríksdóttir, Guðmundur Jónsson og Anna Agnarsdóttir.

9. Norræna ráðstefnan Nordiske Arkivdage í Reykjavík 24. og 25. maí 2018.

Þjóðskjalavörður kynnti ráðstefnuna Nordiske Arkivdage sem Þjóðskjalasafn Íslands heldur dagana 24. og 25. maí nk. á Hilton Reykjavík Nordica. Ráðstefnan er haldin á þriggja ára fresti og er hún stærsta ráðstefna um skjalamál á norrænum vettvangi. Þetta er í þriðja sinn sem ráðstefnan er haldin á Íslandi, fyrst árið 1987 og síðast árið 2003. Síðast var ráðstefnan haldin í Kaupmannahöfn og voru þátttakendur þá á fjórða hundrað. Á ráðstefnunni verða fluttir um 80 fyrirlestrar um rafræna skjalavörslu, miðlun, rannsóknir, notendapjónustu, einkaskjalasöfn, nýja persónulöggjöf, aðfangastefnu, grísjun og hlutverk skjalasafna í nútímanum. Auk þessa verður boðið til móttöku, kvöldverðar í Perlunni og heimsóknar á söfn og sýningar. Undirbúningur ráðstefnunnar stendur nú yfir ásamt skráningu. Nú þegar hafa 242 þátttakendur skráð sig til leiks.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.

10. Ársskýrsla 2016.

Þjóðskjalavörður kynnti ársskýrslu Þjóðskjalasafns fyrir árið 2017 sem kom út undir lok síðasta árs. Í ársskýrslunni, sem er 48 blaðsíður að lengd, er farið yfir helstu verkefni safnsins á árinu 2016, birtur listi yfir afhendingar til safnsins og ársreikningur. Ársskýrslan var prentuð og send til helstu samstarfsaðila Þjóðskjalasafns. Auk þess er skýrslan birt á vef safnsins.

Til máls tók Eiríkur G. Guðmundsson.

11. Í kjölfar blaðagreinar.

Þjóðskjalavörður og formaður gerðu grein fyrir viðbrögðum safnsins vegna blaðagreinar sem fyrrum starfsmaður safnsins skrifaði. Í greininni voru þjóðskjalavörður og aðrir stjórnendur safnsins sakaðir um ofbeldi og ótilhlýðilega framkomu.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Jónsson.

12. Frágangur fundargerðar

Fundargerðin lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:17.